**15. mars 2016**

# Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2015

*Quarterly government accounts, 4th quarter 2015*

*Samantekt*

**Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 15 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2015. Það er betri niðurstaða en á sama tíma 2014 þegar afkoman var neikvæð um 5 milljarða króna. Tekjuafgangurinn nam 2,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 5,7% af tekjum hins opinbera. Tekjuafkoma ársins í heild reyndist neikvæð um 10,7 milljarða króna eða um sem nemur 1,2% af tekjum hins opinbera.**

**Heildartekjur hins opinbera jukust um 2,9% milli fjórða ársfjórðungs 2014 og 2015. Á sama tíma var samdráttur í heildarútgjöldum hins opinbera um 4,8%. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á fjórða ársfjórðungi 2015 frá sama tíma árið áður var 1,1%.**

**Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.847 milljörðum króna í lok fjórða ársfjórðungs 2015 sem samsvarar 83,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, samanborið við 99,9% á sama tímabili árið 2014. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 836,8 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 37,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársins.**

## Hið opinbera

*Tekjur jukust um 2,9%*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 263 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2015, sem er 2,9% aukning frá 4. ársfjórðungi 2014. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 234,4 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2015 sem er 4,3% hækkun frá sama ársfjórðungi 2014.

*Útgjöld drógust saman um 4,8%*

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var launakostnaður hins opinbera á fjórða ársfjórðungi 83,1 milljarðar króna eða 13,8% hærri en á sama tímabili árið 2014 Þrátt fyrir aukinn launakostnað reyndust heildarútgjöld hins opinbera 248 milljarður króna á fjórða ársfjóðrungi 2015 samanborið við 260,6 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2014. Samdrátturinn nemur 4,8% sem skýrist m.a. af lægri tilfærsluútgjöldum. Munar þar mestu um niðurfellingu húsnæðisskulda á fjórða ársfjórðungi 2014. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 1,1% á 4. ársfjórðungi 2015 frá sama tímabili í fyrra.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs**
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*




**Skýringar** *Notes*: Áfallnar ríkisábyrgðir meðtaldar í heildarútgjöldum sem hafa veruleg áhrif á afkomu hins opinbera eru 55,5 milljarðar á 4. ársfj. 2010, 19 milljarðar á 4. ársfj. 2011 og 13 milljarðar á 4. ársfj. 2012. *Central government debt assumption due to called guarantees of 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010, 19 billion ISK in 4. quarter 2011 and 13 billion ISK in 4. quarter 2012 are included.*

*Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 15 milljarða*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 15 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2015. Tekjuafgangurinn nam 2,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins en á sama ársfjórðungi 2014 var tekjuhalli sem nam 0,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2014 og 2015**
*Table 1. General government finances in 4th quarter 2014 and 2015*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 4. ársfj. *4th quarter* 2014 | 2015 | Breyting, % *Change, %* | 1.–4. ársfj. *1st–4th quarter* 2014 | 2015[1] | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 255,6 | 263,0 | 2,9 | 907,0 | 931,1 | 2,7 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 260,6 | 248,0 | -4,8 | 908,2 | 941,9 | 3,7 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 18,6 | 19,8 | 6,2 | 61,7 | 64,1 | 3,8 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -5,0 | 15,0 | • | -1,2 | -10,7 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -1,9 | 5,7 | • | -0,1 | -1,2 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -0,9 | 2,7 | • | -0,1 | -0,5 | • |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

## Ríkissjóður

*Tekjuafkoma ríkissjóðs jákvæð um 15,8 milljarða*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 200,7 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2015 og heildarútgjöld 184,9 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 15,8 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi, eða sem nemur 2,8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 180,5 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2015, eða tæplega 90% tekna hans. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárframlög til almannatrygginga, launakostnaður, kaup á vöru og þjónustu og vaxtagjöld. Launakostnaður ríkisins var 41,7 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2015 og jókst um 17,4% frá sama tímabili árið áður. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 0,8% á 4. ársfjórðungi 2015, en á sama tíma 2014 var magnbreytingin -0,2%.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 2015 reyndust 693,7 milljarðar króna og jukust um 1,1% frá fyrra ári. Útgjöldin voru 693,3 milljarðar og jukust um 3,5% frá árinu 2014. Tekjujöfnuður ríkissjóðs reyndist því jákvæður um 390 milljónir króna á árinu 2015, samanborið við 16,3 milljarða á árinu 2014.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 4. ársfjórðungi 2014 og 2015**
*Table 2. Central government finances in 4th quarter 2014 and 2015*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 4. ársfj. *4th quarter* 2014 | 2015 | Breyting, % *Change, %* | 1.–4. ársfj. *1st–4th quarter* 2014 | 2015[1] | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 198,7 | 200,7 | 1,0 | 686,1 | 693,7 | 1,1 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 200,4 | 184,9 | -7,8 | 669,8 | 693,3 | 3,5 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 12,6 | 14,1 | 12,3 | 36,7 | 40,8 | 11,1 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -1,7 | 15,8 | • | 16,3 | 0,4 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -0,9 | 7,9 | • | 2,4 | 0,1 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -0,3 | 2,8 | • | 0,8 | 0,0 | • |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

*Hrein peningaleg eign neikvæð um 836,8 milljarða króna*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.010 milljörðum króna í lok 4. ársfjórðungs 2015, eða sem nemur 45,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins en þær lækkuðu um 152,8 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2014 eða 13,1%. Á sama tíma hefur dregið úr skuldum ríkissjóðs um 7,7%, en þær námu 1.847 milljörðum króna í lok 4. ársfjórðungs 2015. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirnar 83,8% á 4. ársfjórðungi 2015 en voru 99,9% á 4. ársfjórðungi 2014. Peningalegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 836,8 milljarða króna í lok 4. ársfjórðungs 2015 sem nemur 37,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 41,9% á 4. ársfjórðungi 2014.

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*




## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 2,6 milljarð*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 4. ársfjórðungi 2015 eru áætlaðar 71,9 milljarðar króna og heildarútgjöld 74,4 milljarðar. Tekjuhalli 4. ársfjórðungs er því áætlaður um 2,6 milljarðar króna. Á sama tíma 2014 var tekjuafkoman neikvæð um 3,9 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 8,5% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 6,1%.

*Útsvarstekjur jukust um 9,5%*

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 45 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2015, eða um 63% tekna þeirra. Er það aukning um 9,5% frá því á sama ársfjórðungi 2014. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna og nema um 48% af heildarútgjöldum. Launakostnaður sveitarfélaga var 35,7 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2015 og jókst um 10,7% frá sama tímabili árið 2014. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 0,9% á 4. ársfjórðungi en var 4,6% á sama ársfjórðungi 2014.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 4. ársfjórðungi 2014 og 2015**
*Table 3. Local government finances in 4th quarter 2014 and 2015*

| Milljarðar króna *Billion ISK* | 4. ársfj. *4th quarter* 2014 | 2015 | Breyting, % *Change, %* | 1.–4. ársfj. *1st–4th quarter* 2014 | 2015[1] | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 66,2 | 71,9 | 8,5 | 254,9 | 273,6 | 7,3 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 70,2 | 74,4 | 6,1 | 271,0 | 286,6 | 5,7 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 6,0 | 5,6 | -6,7 | 25,0 | 23,2 | -7,0 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -3,9 | -2,6 | • | -16,1 | -12,9 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -6,0 | -3,6 | • | -6,3 | -4,7 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -0,7 | -0,5 | • | -0,8 | -0,6 | • |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Upplýsingaveitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 4th quarter of 2015, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 15 billion ISK in surplus or 2.7% of quarterly GDP and 5.7% of general government total revenue. This can be compared to 5 billion ISK deficit in the 4th quarter of 2014. In 2015, the the financial balance of the general government amounted to a 10.7 billion ISK deficit or 1.2% of the total revenue.

The general government total revenue is estimated 263 billion ISK in the 4th quarter of 2015, an increase of 2.9% from previous year. Tax revenue increased by 4.3% from previous year. The total expenditure decreased at the same time by 4.8%, from 260.6 billion ISK in 2014 to 248 billion ISK in 2015, mainly due to the government action on debt relief for inflation-indexed housing mortgages in the 4$^{th}$ quarter 2014.

The central government total liabilities at the end of the 4th quarter 2015 amounted to 1,847 billion ISK or 83.8% of GDP. The net financial position of the central government, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 836.8 billion ISK or 37.9% of GDP, compared to 41.9% in the same period last year.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles, whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. On accrual basis, flows are recorded when they are established regardless of when actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

## Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2013–2015
*Table 4. Quarterly Government Finances 2013–2015*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | — þar af fjárfesting<br>*— thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** *The General Government* | | | | | | |
| **2013** | **795,7** | **830,5** | **54,9** | **-34,8** | **-4,4** | **-1,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 189,3 | 195,8 | 10,1 | -6,5 | -3,4 | -0,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 194,6 | 206,3 | 13,3 | -11,7 | -6,0 | -0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 208,1 | 209,4 | 15,5 | -1,3 | -0,6 | -0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 203,7 | 219,0 | 16,0 | -15,3 | -7,5 | -0,8 |
| **2014** | **907,0** | **908,2** | **61,7** | **-1,2** | **-0,1** | **-0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 219,7 | 207,3 | 11,1 | 12,4 | 5,6 | 0,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 214,5 | 217,6 | 14,6 | -3,1 | -1,5 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 217,2 | 222,6 | 17,5 | -5,5 | -2,5 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 255,6 | 260,6 | 18,6 | -5,0 | -1,9 | -0,2 |
| **2015** | **931,1** | **941,9** | **64,1** | **-10,7** | **-1,2** | **-0,5** |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 222,1 | 232,3 | 11,9 | -10,2 | -4,6 | -0,5 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 218,1 | 227,6 | 14,9 | -9,5 | -4,4 | -0,4 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 228,0 | 233,9 | 17,5 | -6,0 | -2,6 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 263,0 | 248,0 | 19,8 | 15,0 | 5,7 | 0,7 |
| **Ríkissjóður** *The Central Government* | | | | | | |
| **2013** | **584,5** | **618,0** | **32,4** | **-33,5** | **-5,7** | **-1,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 140,4 | 143,1 | 4,6 | -2,7 | -1,9 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 142,4 | 152,2 | 8,1 | -9,8 | -6,9 | -0,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 153,4 | 157,1 | 8,9 | -3,7 | -2,4 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 148,3 | 165,6 | 10,9 | -17,3 | -11,7 | -0,9 |
| **2014** | **686,1** | **669,8** | **36,7** | **16,3** | **2,4** | **0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 166,4 | 149,7 | 5,6 | 16,7 | 10,1 | 0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 158,5 | 156,7 | 8,5 | 1,8 | 1,1 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 162,6 | 163,1 | 10,1 | -0,5 | -0,3 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 198,7 | 200,4 | 12,6 | -1,7 | -0,9 | -0,1 |
| **2015** | **693,7** | **693,3** | **40,8** | **0,4** | **0,1** | **0,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 165,2 | 172,1 | 6,7 | -6,9 | -4,2 | -0,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 159,8 | 164,2 | 9,2 | -4,5 | -2,8 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 168,1 | 172,2 | 10,7 | -4,1 | -2,4 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 200,7 | 184,9 | 14,1 | 15,8 | 7,9 | 0,7 |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2013–2015 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2013–2015 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur *Total revenue (1)* | Heildar-útgjöld *Total expenditure (2)* | — þar af fjárfesting *— thereof investment (2.1)* | Tekju-jöfnuður *Financial balance (3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum *Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF *Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2013** | **243,6** | **250,9** | **22,5** | **-7,3** | **-3,0** | **-0,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 58,9 | 61,8 | 5,5 | -2,9 | -4,9 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 60,6 | 63,5 | 5,2 | -2,8 | -4,7 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 61,0 | 62,4 | 6,6 | -1,4 | -2,3 | -0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 63,1 | 63,3 | 5,1 | -0,2 | -0,3 | 0,0 |
| **2014** | **254,9** | **271,0** | **25,0** | **-16,1** | **-6,3** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 60,7 | 63,8 | 5,5 | -3,2 | -5,2 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 64,0 | 68,5 | 6,1 | -4,5 | -7,0 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 64,0 | 68,5 | 7,4 | -4,5 | -7,1 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 66,2 | 70,2 | 6,0 | -3,9 | -6,0 | -0,2 |
| **2015** | **273,6** | **286,6** | **23,2** | **-12,9** | **-4,7** | **-0,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 65,4 | 68,1 | 5,1 | -2,7 | -4,1 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 67,2 | 72,1 | 5,7 | -4,9 | -7,4 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 69,2 | 71,9 | 6,8 | -2,7 | -3,9 | -0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 71,9 | 74,4 | 5,6 | -2,6 | -3,6 | -0,1 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2013** | **166,8** | **160,8** | **0,0** | **6,0** | **3,6** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 37,8 | 38,8 | 0,0 | -0,9 | -2,4 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 40,0 | 39,1 | 0,0 | 1,0 | 2,4 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 44,3 | 40,5 | 0,0 | 3,8 | 8,5 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 44,7 | 42,5 | 0,0 | 2,2 | 4,9 | 0,1 |
| **2014** | **168,6** | **170,0** | **0,0** | **-1,4** | **-0,8** | **-0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 41,0 | 42,2 | 0,0 | -1,2 | -2,9 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 41,2 | 41,7 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 41,5 | 42,0 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 44,8 | 44,1 | 0,0 | 0,7 | 1,6 | 0,0 |
| **2015** | **178,8** | **176,9** | **0,0** | **1,8** | **1,0** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 43,4 | 44,0 | 0,0 | -0,6 | -1,3 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 43,7 | 43,9 | 0,0 | -0,1 | -0,3 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 44,0 | 43,2 | 0,0 | 0,8 | 1,9 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 47,5 | 45,8 | 0,0 | 1,7 | 3,6 | 0,1 |

## Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2014–2015
*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2014–2015*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2014 | | | 2015[1] | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Ársfj. *Quarters* | | Alls | Ársfjórðungar *Quarters* | | | |
| | *Total* | III | IV | *Total* | I | II | III | IV |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **907,0** | **217,2** | **255,6** | **931,1** | **222,1** | **218,1** | **228,0** | **263,0** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 700,8 | 171,6 | 205,3 | 733,8 | 169,9 | 170,6 | 179,8 | 213,5 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 360,5 | 87,9 | 97,5 | 383,0 | 91,2 | 93,8 | 94,7 | 103,3 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 7,0 | 1,7 | 1,7 | 7,6 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,9 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 49,6 | 12,2 | 12,5 | 43,5 | 11,0 | 10,8 | 10,7 | 10,9 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 233,9 | 65,5 | 56,2 | 253,3 | 62,3 | 60,4 | 69,0 | 61,7 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 6,1 | 1,5 | 1,8 | 5,7 | 1,1 | 1,4 | 1,5 | 1,6 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 43,8 | 2,7 | 35,6 | 40,6 | 2,3 | 2,2 | 2,0 | 34,1 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 73,4 | 18,9 | 19,4 | 78,9 | 18,7 | 19,0 | 20,3 | 20,9 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 2,5 | 0,1 | 0,4 | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,8 | 0,8 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 130,2 | 26,6 | 30,5 | 115,5 | 32,8 | 27,8 | 27,1 | 27,8 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **908,2** | **222,6** | **260,6** | **941,9** | **232,3** | **227,6** | **233,9** | **248,0** |
| 21 Laun *Wages* | 275,7 | 69,5 | 73,0 | 304,9 | 70,0 | 75,2 | 76,6 | 83,1 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 230,4 | 55,9 | 60,8 | 239,0 | 58,1 | 59,9 | 57,4 | 63,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 39,6 | 9,9 | 9,9 | 40,5 | 10,1 | 10,1 | 10,2 | 10,1 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 94,4 | 26,5 | 19,9 | 97,3 | 25,2 | 23,9 | 27,3 | 20,9 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 29,5 | 7,1 | 7,7 | 29,4 | 7,3 | 7,3 | 7,1 | 7,7 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 5,2 | 1,2 | 1,7 | 3,7 | 0,7 | 1,0 | 0,8 | 1,2 |
| 27 Félagslegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 139,4 | 34,9 | 36,2 | 141,8 | 34,9 | 34,4 | 35,6 | 36,8 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 71,9 | 10,0 | 42,7 | 61,6 | 24,3 | 10,9 | 11,5 | 14,9 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 61,7 | 17,5 | 18,6 | 64,1 | 11,9 | 14,9 | 17,5 | 19,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -39,6 | -9,9 | -9,9 | -40,5 | -10,1 | -10,1 | -10,2 | -10,1 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-1,2** | **-5,5** | **-5,0** | **-10,7** | **-10,2** | **-9,5** | **-6,0** | **15,0** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-0,1** | **-2,5** | **-1,9** | **-1,2** | **-4,6** | **-4,4** | **-2,6** | **5,7** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,1** | **-0,3** | **-0,2** | **-0,5** | **-0,5** | **-0,4** | **-0,3** | **0,7** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue* % of GDP** | **45,3** | **10,8** | **12,8** | **42,2** | **10,1** | **9,9** | **10,3** | **11,9** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure* % of GDP** | **45,3** | **11,1** | **13,0** | **42,7** | **10,5** | **10,3** | **10,6** | **11,2** |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

## Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2014–2015
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2014–2015*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2014 Alls *Total* | 2014 Ársfj. *Quarters* III | 2014 Ársfj. *Quarters* IV | 2015[1] Alls *Total* | 2015[1] Ársfjórðungar *Quarters* I | II | III | IV |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **686,1** | **162,6** | **198,7** | **693,7** | **165,2** | **159,8** | **168,1** | **200,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 511,0 | 123,3 | 155,9 | 529,5 | 121,7 | 120,8 | 127,3 | 159,6 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 204,3 | 48,2 | 56,4 | 214,9 | 52,1 | 53,3 | 51,3 | 58,2 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 7,0 | 1,7 | 1,7 | 7,6 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,9 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 17,5 | 4,1 | 4,5 | 9,4 | 2,5 | 2,3 | 2,2 | 2,4 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 232,4 | 65,1 | 56,0 | 251,2 | 61,8 | 59,7 | 68,3 | 61,4 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 6,1 | 1,5 | 1,8 | 5,7 | 1,1 | 1,4 | 1,5 | 1,6 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 43,8 | 2,7 | 35,6 | 40,6 | 2,3 | 2,2 | 2,0 | 34,1 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 73,4 | 18,9 | 19,4 | 78,9 | 18,7 | 19,0 | 20,3 | 20,9 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 10,4 | 2,7 | 2,8 | 10,8 | 2,5 | 2,6 | 2,8 | 2,9 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 91,3 | 17,6 | 20,6 | 74,5 | 22,2 | 17,3 | 17,7 | 17,3 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **669,8** | **163,1** | **200,4** | **693,3** | **172,1** | **164,2** | **172,2** | **184,9** |
| 21 Laun *Wages* | 135,1 | 33,8 | 35,5 | 150,4 | 34,7 | 36,2 | 37,8 | 41,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 104,6 | 25,9 | 28,6 | 106,8 | 24,4 | 26,1 | 26,5 | 29,9 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 28,9 | 7,2 | 7,2 | 29,5 | 7,4 | 7,3 | 7,4 | 7,4 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 86,9 | 24,7 | 18,0 | 89,2 | 23,2 | 21,9 | 25,3 | 18,9 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 25,1 | 6,0 | 6,6 | 25,0 | 6,2 | 6,2 | 6,0 | 6,6 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 199,9 | 50,1 | 53,7 | 210,8 | 50,7 | 51,6 | 52,2 | 56,2 |
| 27 Félagslegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 18,8 | 4,7 | 5,1 | 18,1 | 4,2 | 4,4 | 4,6 | 4,9 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 62,7 | 7,7 | 40,4 | 52,2 | 21,9 | 8,5 | 9,2 | 12,6 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 36,7 | 10,1 | 12,6 | 40,8 | 6,7 | 9,2 | 10,7 | 14,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -28,9 | -7,2 | -7,2 | -29,5 | -7,4 | -7,3 | -7,4 | -7,4 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **16,3** | **-0,5** | **-1,7** | **0,4** | **-6,9** | **-4,5** | **-4,1** | **15,8** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **2,4** | **-0,3** | **-0,9** | **0,1** | **-4,2** | **-2,8** | **-2,4** | **7,9** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,8** | **0,0** | **-0,1** | **0,0** | **-0,3** | **-0,2** | **-0,2** | **0,7** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue* % of GDP** | **34,2** | **8,1** | **9,9** | **31,5** | **7,5** | **7,2** | **7,6** | **9,1** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure* % of GDP** | **33,4** | **8,1** | **10,0** | **31,4** | **7,8** | **7,4** | **7,8** | **8,4** |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2014–2015**
*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2014–2015*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2014 Alls *Total* | 2014 Ársfj. *Quarters* III | 2014 Ársfj. *Quarters* IV | 2015[1] Alls *Total* | 2015[1] Ársfjórðungar *Quarters* I | II | III | IV |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **254,9** | **64,0** | **66,2** | **273,6** | **65,4** | **67,2** | **69,2** | **71,9** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 189,8 | 48,3 | 49,4 | 204,3 | 48,2 | 49,7 | 52,5 | 53,9 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 156,2 | 39,8 | 41,1 | 168,0 | 39,1 | 40,5 | 43,3 | 45,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 32,2 | 8,0 | 8,0 | 34,1 | 8,5 | 8,5 | 8,5 | 8,5 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 1,4 | 0,4 | 0,2 | 2,1 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 0,3 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 28,6 | 7,4 | 7,5 | 30,8 | 7,2 | 7,5 | 7,9 | 8,1 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 36,4 | 8,4 | 9,4 | 38,5 | 9,9 | 9,9 | 8,8 | 9,9 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **271,0** | **68,5** | **70,2** | **286,6** | **68,1** | **72,1** | **71,9** | **74,4** |
| 21 Laun *Wages* | 120,4 | 30,6 | 32,3 | 132,8 | 30,2 | 33,5 | 33,4 | 35,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 90,0 | 21,7 | 23,0 | 93,9 | 23,6 | 23,8 | 22,6 | 24,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 10,7 | 2,7 | 2,7 | 10,9 | 2,7 | 2,7 | 2,8 | 2,7 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 7,5 | 1,9 | 1,9 | 8,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 4,2 | 1,0 | 1,0 | 4,3 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 1,4 | 0,4 | 0,4 | 1,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 |
| 27 Félagslegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 13,7 | 3,4 | 3,4 | 14,0 | 3,5 | 3,5 | 3,5 | 3,5 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 8,9 | 2,2 | 2,2 | 9,0 | 2,3 | 2,3 | 2,3 | 2,3 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 25,0 | 7,4 | 6,0 | 23,2 | 5,1 | 5,7 | 6,8 | 5,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -10,7 | -2,7 | -2,7 | -10,9 | -2,7 | -2,7 | -2,8 | -2,7 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-16,1** | **-4,5** | **-3,9** | **-12,9** | **-2,7** | **-4,9** | **-2,7** | **-2,6** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-6,3** | **-7,1** | **-6,0** | **-4,7** | **-4,1** | **-7,4** | **-3,9** | **-3,6** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,8** | **-0,2** | **-0,2** | **-0,6** | **-0,1** | **-0,2** | **-0,1** | **-0,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue* % of GDP** | **12,7** | **3,2** | **3,3** | **12,4** | **3,0** | **3,0** | **3,1** | **3,3** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure* % of GDP** | **13,5** | **3,4** | **3,5** | **13,0** | **3,1** | **3,3** | **3,3** | **3,4** |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

## Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2014–2015
*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2014–2015*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2014 | | | 2015[1] | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Ársfj. *Quarters* | | Alls | Ársfjórðungar *Quarters* | | | |
| | *Total* | III | IV | *Total* | I | II | III | IV |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **168,6** | **41,5** | **44,8** | **178,8** | **43,4** | **43,7** | **44,0** | **47,5** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 166,1 | 40,9 | 44,2 | 176,3 | 42,8 | 43,1 | 43,4 | 46,9 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 2,4 | 0,6 | 0,6 | 2,5 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **170,0** | **42,0** | **44,1** | **176,9** | **44,0** | **43,9** | **43,2** | **45,8** |
| 21 Laun *Wages* | 20,2 | 5,0 | 5,2 | 21,8 | 5,1 | 5,5 | 5,4 | 5,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 35,8 | 8,4 | 9,3 | 38,3 | 10,1 | 10,1 | 8,3 | 9,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 6,5 | 1,7 | 1,8 | 6,5 | 1,5 | 1,6 | 1,7 | 1,8 |
| 27 Félagslegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 106,9 | 26,7 | 27,7 | 109,7 | 27,2 | 26,5 | 27,6 | 28,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-1,4** | **-0,5** | **0,7** | **1,8** | **-0,6** | **-0,1** | **0,8** | **1,7** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-0,8** | **-1,1** | **1,6** | **1,0** | **-1,3** | **-0,3** | **1,9** | **3,6** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,1** | **0,0** | **0,0** | **0,1** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue* % of GDP** | **8,4** | **2,1** | **2,2** | **8,1** | **2,0** | **2,0** | **2,0** | **2,2** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure* % of GDP** | **8,5** | **2,1** | **2,2** | **8,0** | **2,0** | **2,0** | **2,0** | **2,1** |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2014–2015**
*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2014–2015*

| | 2014 | | 2015[1] | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársfj. *Quarters* | | Ársfj. *Quarters* | | | |
| | III | IV | I | II | III | IV |
| **Peningalegar eignir *Financial assets*** | **1.100,9** | **1.163,1** | **1.140,0** | **1.109,4** | **1.035,1** | **1.010,3** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 433,2 | 512,6 | 491,0 | 479,4 | 397,0 | 397,7 |
| Lánveitingar *Loans* | 168,7 | 168,1 | 159,7 | 144,3 | 147,8 | 123,9 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 365,3 | 352,4 | 351,6 | 351,6 | 351,6 | 351,6 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 133,8 | 129,9 | 137,7 | 134,1 | 138,6 | 137,1 |
| **Skuldir *Liabilities*** | **1.966,4** | **2.001,7** | **2.009,0** | **1.974,9** | **1.905,1** | **1.847,1** |
| Verðbréf *Securities* | 843,6 | 853,8 | 872,6 | 859,6 | 876,2 | 863,9 |
| Lántökur *Loans* | 653,0 | 642,2 | 638,7 | 616,6 | 526,3 | 475,4 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 252,0 | 228,0 | 226,7 | 222,5 | 226,0 | 172,3 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 401,0 | 414,2 | 412,0 | 394,1 | 300,3 | 303,0 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 407,7 | 407,7 | 435,7 | 435,7 | 435,7 | 435,7 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 62,1 | 98,1 | 62,1 | 63,1 | 67,0 | 72,2 |
| **Hrein peningaleg eign *Net financial assets*** | **-865,5** | **-838,6** | **-869,0** | **-865,6** | **-870,0** | **-836,8** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu *% of Gross Domestic Product (GDP)*** | | | | | | |
| **Peningalegar eignir *Financial assets*** | **55,0** | **58,1** | **51,7** | **50,3** | **46,9** | **45,8** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 21,6 | 25,6 | 22,3 | 21,7 | 18,0 | 18,0 |
| Lánveitingar *Loans* | 8,4 | 8,4 | 7,2 | 6,5 | 6,7 | 5,6 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 18,2 | 17,6 | 15,9 | 15,9 | 15,9 | 15,9 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 6,7 | 6,5 | 6,2 | 6,1 | 6,3 | 6,2 |
| **Skuldir *Liabilities*** | **98,2** | **99,9** | **91,1** | **89,5** | **86,4** | **83,8** |
| Verðbréf *Securities* | 42,1 | 42,6 | 39,6 | 39,0 | 39,7 | 39,2 |
| Lántökur *Loans* | 32,6 | 32,1 | 29,0 | 28,0 | 23,9 | 21,6 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 12,6 | 11,4 | 10,3 | 10,1 | 10,2 | 7,8 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 20,0 | 20,7 | 18,7 | 17,9 | 13,6 | 13,7 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 20,4 | 20,4 | 19,8 | 19,8 | 19,8 | 19,8 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 3,1 | 4,9 | 2,8 | 2,9 | 3,0 | 3,3 |
| **Hrein peningaleg eign *Net financial assets*** | **-43,2** | **-41,9** | **-39,4** | **-39,2** | **-39,4** | **-37,9** |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi
Statistical Series
101. árg. • 7. tbl.
ISSN 1670-4770

**Fjármál hins opinbera**
***Public finance***
15. mars 2016
Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*